

Auglýsing um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa náttúruvætti steininn Steðja (Staupastein) á Skeiðhól í Hvalfirði ásamt næsta umhverfi.

*Mörk náttúruvættisins eru þessi:*

Brún Skeiðhóls frá austurenda við veg þvert í brekkufót og vestur með honum til móts við vesturenda hólsins. Þaðan með hábrún hans að austurmörkum.

*Þessar reglur gilda:*

1. Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.
2. Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni áskilin.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu auglýsingar þessarar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.

Magnús T. Ólafsson

---

Birgir Thorlacius